

Hér á eftir má sjá samantekt um fasta liði á skólaárinu eins og árshátíðir, skólaferðir, félagsmál, samstarf við aðra og um annað í daglegu skólastarfi. Ekki er um tæmandi upplýsingar að ræða fremur en endranær. Vera má að eitthvað finnist ekki sem leitað er að. Þá má vera að þær upplýsingar komi fram í sjálfsmatsskýrslunni sem einnig er birt hér á heimasíðunni. Annars er þetta eingöngu ágríp og til þess hugsað að veita ofurlitla innsýn í starfið án þess að þetta geti talist heildstætt yfirlit og samantekt um allt það sem fram fer í skólanum á einum vetri.

Trostan Agnarsson

## Upplestrarhátíð 7. bekkjar 2023

Upplestrarhátíð 7. bekkjar var haldin mánudaginn 6. mars 2023.

Þrettán nemendur tóku þátt og lásu ljóð og sögubrot.

Þeir sem valdir voru til að taka þátt í Stóru upplestrarhátíðinni voru Haraldur Hjalti L. Bjarnason, Ólöf Helga Ólafsdóttir og Sigurbjörg Svandís Guttormsdóttir til vara. Dómarar voru Agnar Gunnarsson, Sara Regína Valdimarsdóttir og Ragnheiður Sövik.

Kynnar voru nemendur úr 8. bekk þau Arnar Logi Róbertsson og Iðunn Kolka Gísladóttir.

Tónlistaratriði voru tvö, flutt af Kolbrá Sigrúnu Sigurðardóttur og Lilju Stefánsdóttur.

Boðið var upp á pizzusnúða, muffins, svala og kaffi en nemendur 7. bekkjar bökuðu fyrir hátíðina með aðstoð Sigfríðar heimilisfræðikennara.

Stóra upplestrarhátíðin var haldin þriðjudaginn 14. mars og stóðu nemendur frá Varmahlíðarskóla sig með miklum sóma.

Helga Sigurðardóttir

### **Byrjendalæsi**

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var notuð í 1.-2. bekk í vetur og að hluta til í 3. bekk. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta, í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphafslega textans.

Í vetur byrjaði hver vika á lestri sögubókar. Notaðar voru vinsælar barnabækur og námsbækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta. Fjölbreyttir textar voru notaðir; sögur, ævintýri, þjóðsögur, ljóð og fræðitextar svo eitthvað sé nefnt. Unnið var með

## Vorsamantekt Varmahlíðarskóla 2023

Lykilorð upp úr bókinni og nemendum 1. bekkjar voru kenndir tveir stafir úr lykilorðinu. Lykilorðið var klippt í sundur og því raðað saman aftur og fundin orð í orðinu. Stafainnlögn var markviss, 2 stafir í viku. Nemendur unnu með stafi vikunnar, lærðu að skrifa þá, unnu með þá í frauðstöfum og með stafaöskju svo eitthvað sé nefnt.

Bókin sem unnið var með hverju sinni, var ýmist lesin í heild í byrjun viku eða lesin í bítum alla vikuna. Ýmiskonar verkefnavinna með textann tók svo við s.s. spil, krossgátur, stafasúpur, orðasúpur, sóknarskrift eða paraskrift. Stundum var unnin stöðvavinna en einnig var unnið í hópum, þörum eða einstaklingslega. Í lok þemavinnu unnu nemendur lokaverkefni t.d. leikrit, söguveg, bók í Book Creator, veggspjöld, margvísleg myndverk og þar fram eftir götunum. Lögð var áhersla á sköpun og úrvinnslu textans. Þá gafst nemendum tækifæri að sýna hvað þeir höfðu lært. Bók vikunnar var samþætt verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði og þá unnum við gjarnan með hana í tvær vikur samfelt.

Oft voru markmið í myndmennt tengd vinnu Byrjendalæsis en þá tengdist það listsköpun nemenda í lokaverkefnum tengdum bók vikunnar. Nemendur unnu í hefðbundnum vinnubókum samhliða Byrjendalæsi. Nokkuð var um stór sameiginleg hópverkefni, þar sem afraksturinn var veggspjald eða eitthvað annað sýnilegt.

Formlegri stafainnlögn lauk í febrúar og þá var farið að vinna með hugtök eins og samsett orð, tvöfalda sérhljóða, mismunandi merkingu sama orðs og rím.

Nemendur lásu í heimalestrarbókum einu sinni á dag alla virka daga. Þegar leið á haustönn voru flestir nemendur farnir að skrifa 3-5 orð heima í stílabók. Annað heimanám var lítið en tilfallandi, í flestum tilvikum var einungis heimanám á þá nemendur sem náðu ekki að ljúka við verkefni í kennslustund.

Ekki var annað að sjá en að nemendur hefðu gaman af Byrjendalæsi og þeim vinnubrögðum sem þar er beitt.

*Birgitta Sveinsdóttir og Þyrey Hlífarsdóttir*

### Danmerkurferð 10. bekkjar

Farið var til Kaupmannahafnar þann 22. maí og komið aftur til Reykjaness þann 26. maí. Með í för ásamt 10. bekkjum, 12 talsins, voru Ólafur Atli Sindrason fararstjóri og Helga Rós Sigfúsdóttir umsjónarkennari.

Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla um klukkan 23.00 þann 21. maí áleiðis til Keflavíkur og komið þangað rétt um kl. 3.30 um morguninn 22. maí, en stutt stopp var tekið í Olís í Borgarnesi á leiðinni. Þó komið sé snemma á flugvöllinn er gott að hafa tíma upp á að hlaupa – ef eitthvað gerist á leiðinni. Færðin var nokkuð góð, en þó svolítil slydda á Holtavörðuheidi og rigning mest alla leið. Hitastigið var í kringum 1-2°C

Öll ferðin var greidd af nemendum sjálfum – sem með sérstökum dugnaði og skipulagi, ásamt dyggilegum stuðningi foreldra sinna og samfélagsins alls, söfnuðu fyrir ferðinni. Undantekningalítið var nemendum mjög vel tekið þegar þeir leituðu stuðnings nærsamfélagsins. Ákveðið hafði verið að fljúga með norðlenska flugfélaginu NiceAir - sem hafði starfað um tæpt árs skeið - og ferðin að fullu greidd þeim til handa með millifærslu. Skemmst er frá að segja að flugfélagið fór á hausinn og töpuðust um tæpar 800.000 krónur sem var varasjóður, byggður upp á mörgum árum. Bekkjarsjóður hafði þó borð fyrir báru og var pantað flug með flugfélaginu Play - sem skilaði okkur vandræðalaust á áfangastað.

## Vorsamantekt Varmahlíðarskóla 2023

Gist var á Cabinn City hóteli í miðborg Kaupmannahafnar. Aðstaða þar var góð.

Staðsetning vegur þungt á metum þar sem röltfæri er á Aðaljárnbrautarstöðina, Tívolí, Ráðhústorg og Strikið. Nemendur skoðuðu söfn í Kaupmannahöfn m.a. Rundetårn, Experimentarium, Ripley's (furðusafnið), Jónshús o.fl. Einnig var farið í síkjasiglingu, Tívolí og Bakken, ásamt veitingahúsum, að ógleymdu Strikinu.

Ferðin þótti takast með afbrigðum vel og voru nemendur og kennarar afar ánægðir þegar heim var komið. Lending á Reykjanesi var um kl. 13.50 þann 26. maí og heim í Skagafjörðinn vorum við komin um kl.20.00 - með tilheyrandi stoppi á Kentucky Fried Chicken í Mosfellsbæ.

Gildi slíkra ferða þarf vart að tíunda. Þó svo að flestir nemendur hafi ferðast til útlanda og séu vanir ferðalögum er alltaf gaman að ferðast í góðum hópi undir leiðsögn staðkunnugra. Að ferðast til annarra landa opnar huga nemenda fyrir því sem ólíkt er hinu vanalega á heimaslóðum, gerir nemendur víðsýnni og þroskar með þeim alþjóðlega samfélagsvitund. Slíkt ber ekki að vanmeta – þó svo skemmtigildi ferðanna sé auðvitað það sem nemendur einblína fyrst og fremst á.

*Ólafur Atli Sindrason, Helga Rós Sigfúsdóttir*

### Félagsmál 7. - 10. bekk veturinn 2022-2023

Veturinn 2022 -2023 var starfandi nemendaráð við skólann eins og undanfarna vetur og er það skipað 8 nemendum úr 7. til 10. bekk. Þeir nemendur sem buðu sig fram í nemendaráðið í 7. - 9. bekk héldu framboðsræður fyrir sína bekki og svo kosið á milli þeirra. Þeir nemendur í 10. bekk sem buðu sig fram héldu ræðu fyrir alla í 7. - 10. bekk og svo kosnir formenn nemendaráðs.

#### Nemendaráð 2022-2023

Trausti Helgi Atlason	10. bekk	Formaður
Salvar Karl Smith	10. bekk	Formaður
Arnar Freyr Brynjarsson	9. bekk	
Hallgerður H. V. Prastard.	9. bekk	Vara
Arnar Logi Róbertsson	8. bekk	
Ævar Sigurðsson	8. bekk	Vara
Viktor Daði Ingason	7. bekk	
Sigurbjörg Inga Sigfúsd.	7. bekk	Vara

Nemendaráð sá um að skipuleggja félagsmál og diskótek ásamt Söru Maríu Ásgeirsdóttur og Hrund Malínar, sem sáu um að halda utan um félagsmálin fyrir hönd skólans. Einn starfsmaður frá Húsi Frítímans kom svo til aðstoðar í gæslu á félagsmáladögum. Lagt var upp með að hafa félagsmál annan hvorn fimmtudag. Þá voru félagsmálin annað hvort frá 16-18 eða frá 16-21, þá var einhver afþreying, oft í íþróttahúsi frá kl. 16-18, matur í skólanum frá kl. 18-18:30 og diskótek til kl. 21.

Ýmislegt var gert í félagsmálum í vetur. Bekkjarkeppnir í t.d. bandý, fótbolta, spurningakeppni, melónuútskurði o.m.fl. Annað sem var gert og ekki í bekkjarkeppni var

## Vorsamantekt Varmahlíðarskóla 2023

klifur í björgunarsveitarhúsi og leikir í íþróttahúsinu. Lokadagur félagsmála var 17. maí og var farið í Bakkafliót á kayak og í þrautabraut. Fengum grillaða hamborgara í boði foreldrafélagsins og heimkeyrsla var kl. 18:30.

Ýmsir viðburðir eru fyrir 8-10. bekk á vegum félagsmiðstöðvarinnar Friðar. Halloween ball á Hofsós, jólaball og söngkeppni í Miðgarði, lan kvöld í Húsi Frítímans, Norður-Org, Samfés í Reykjavík og árshátíð Friðar í Ljósheimum. Voru nemendur skólans nokkuð duglegir að sækja þá viðburði.

Sara María Ásgeirsdóttir

### Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta samstarfsverkefni hefur verið í svipuðu sniði milli skólanna í allmörg ár og hefur gengið mjög vel. Allir bekkir skólans hafa farið í heimsókn í leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Þá hefur skólahópur leikskólans komið reglulega í heimsóknir, í alla bekki skólans. Markmiðið er að skólahóps börnin komi í kennslustundir í sem flestum námsgreinum skólans. Þá hafa yngstu nemendur skólans og börnin í skólahópi leikskólans farið saman í gönguferðir og boðið hvert öðru á viðburði í báðum skólunum.

Markmiðið með Gaman saman samstarfsverkefninu er að halda félagslegu tengslunum milli nemendahópa skólanna, í ljósi teymis- og samkennslu í Varmahlíðarskóla. Haldinn var kynningarfundur í haust með foreldrum barnanna í báðum hópunum. Þar var starfið kynnt og fékk góðar viðtökur. Ákveðið var að leggja 3 kennslustundir undir starfið, einn dag í viku, þar af ein kennslustund í íþróttum. Samveran var til skiptis í skólunum. Útikennsla var nýtt, eins og veður og aðstæður buðu upp á en einnig voru unnin ýmis verkefni innan dyra. Verkefni voru margvísleg, þar sem leikur og sköpun, fengu að njóta sín. Nestistímar voru hluti af samveru okkar, hvort sem verið var úti eða inni. Gott var að hlaða batteríin og fá smá ávaxtapásu. Þar sem frímínútur Varmahlíðarskóla, féllu inn í samverutíma okkar, tókum við þátt í þeim þegar við vorum þar.

Frá Birkilundi tóku tveir kennarar þátt í samstarfinu, Sigurbjörg Egilsdóttir og Fanney Friðriksdóttir. Sigurbjörg og Birgitta sáu um undirbúning þessara samverutíma. Fundað var að hausti og lagðar línur fyrir veturinn en síðan höfðu þær samráð sín á milli, yfirleitt með tölvusamskiptum daginn fyrir hitting. Þá var oftast hægt að skipuleggja útiveru og annað með tilliti til veðurspár og annarra aðstæðna.

Skólahóp var boðið að vera með á ýmsum uppbrotsdögum í Varmahlíðarskóla, s.s. bekkjarskemmtun á Hrekkjavöku og vorgöngutúr. Fyrsta og öðrum bekk var einnig boðið á generalprufu útskriftarleikrits skólahóps.

Íþróttatímarnir voru í höndum íþróttakennara, Sigurlínu H. Einarsdóttur. Þeir voru úti framan af hausti. Farið var í leiki uppi á íþróttavelli, gengið um nágrennið og umhverfið skoðað. Þegar kólna tók í veðri, færði hópurinn sig inn í íþróttahúsið. Krakkarnir fóru í klefana í íþróttahúsinu og lærðu að ganga um þá. Það hefur oft tekið langan tíma fyrir sum börn að aðlagast þeim aðstæðum í skólabyrjun. Gekk þetta mjög vel. Fljótlega mættu flest skólahópsbörnin í íþróttafötum innan undir fatnaði og voru eldfliót að fara í gegnum klefana. Íþróttatímarnir voru yfirleitt í formi stöðvavinnu, þar sem reyndi á margvíslega færni, sem og í

formi margvíslegra hópleikja. Á vordögum var svo farið í 2 sundtíma í stað íþróttanna. Þá fóru skólahópur og 1. bekkur saman í sund ásamt kennurunum.

Við teljum að þetta verkefni hafi gengið mjög vel og hefur mikil gleði fylgt samverunni í vetur.

*Birgitta Sveinsdóttir*

## Heilsueflandi grunnskóli

Um langt árabil hefur verið unnið að því leynt og ljóst að efla líkamlega og andlega heilsu nemenda og starfsfólks skólans. Með sameiginlegu átaki hefur tekist að fá alla til þess að huga allvel að mataræði sínu og hefur gott fordæmi verið sett við skólann með því að hafa fjölbreytilegt fæði sem teljast má hollt og gott. Þó að fæði skipti máli má ekki gleyma því að annað getur haft áhrif á heilsuna og má þar helst nefna hreyfingu og mannleg samskipti.

Í heilsueflandi teymi skólans árið 2022-2023 voru Lína, Helga Rós, Sigfríður, Unnur, Sólrún, fyrir hönd nemenda voru Daníel Smári og Bríet Bergdís og fyrir hönd nærsamfélagsins var Bryndís Bjarnadóttir. Kennarar í teyminu funduðu oftast saman en allt teymið hittist þó 2 sinnum í vetur.

Í daglegu starfi urðu nemendur helst varir við starf teymisins á haustdögum, en þá var boðið upp á árlega hreyfidaga með margháttuðum leikjum og æfingum. Fyrstu tvo hreyfidagana var farið í körfu, dans, pílu, jóga, blak og skák. Þriðja daginn var farið á Hofsós þar sem Vesturfasetrið var skoðað, farið í gönguferð með leiðsögn séra Höllu Rutar og svo var farið í sund, leikið á leikvöllinum við skólann og grillaðar pylsur.

Farið var í rökkurgöngu í Glaumbæ í desember, sem tókst afar vel.

Þó að starf vetrarins hafi veitt nokkurt svigrúm gafst ekki tóm til þess að bjóða upp á allt sem hugur stóð til. Nemendur fengu þó fyrirlesara frá Pálmari Ragnarssyni um jákvæð samskipti.

Við þurfum að standa fast í fæturnar með að halda áfram að ýta á sveitafélagið í sambandi við nærumhverfið hér s.s. breytingum á "leikvöllinum" sem áttu að klárast síðasta haust en ekkert er byrjað á enn. Einnig höfum við sent nokkur bréf í samband við svæðið hér í kring, gaman væri að setja upp frísbí golfvöll, leiksvæði, hjólabraut o.s.frv. Engin svör hafa komið við þessum bréfum.

Heilsueflandi hópurinn fékk 200.000 króna styrk úr Lýðheilsusjóði sem á eftir að nýtast vel næsta haust.

## Vorsamantekt Varmahlíðarskóla 2023

Undanfarin ár hafa 1. árs nemar á hestabraut á Hólum í Hjaltadal boðið nemendum í 9. bekk að koma á námskeið hjá sér - heima á Hólum. Þetta verkefni er hluti af lokaverkefni 1. árs nema og óhætt er að segja að framtakið sé til mikillar fyrirmyndar þar sem metnaður, umhyggja, þolinmæði og áhugi eru í fyrirrúmi.

Nemendur dvöldu að þessu sinni frá mánudegi til miðvikudags frá 9:00 að morgni til 15:00. Nemendur þurftu að vera búnir að borða morgunmat áður en þeir komu í skólann svo hægt væri að leggja strax af stað og ná að Hólum fyrir kl. 9.00.

Nemendum var skipt í hópa eftir kunnáttu og getu á sviði hestamennsku. Verkefnin voru margvísleg, bæði verkleg og bókleg. Einn kennari fylgdi hópnum hvern dag.

Skipulag og fyrirkomulag er til fyrirmyndar og flestir ef ekki allir nemendur hafa verið ánægðir með þessa daga.

Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

### Dvöl 9. bekkjar að Laugarvatni haustið 2022

Nemendur í 9. bekk skólaárið 2022-23 fóru í ungmennabúðir að Laugarvatni ásamt umsjónarkennara í októbermánuði. Brottför var á mánudegi og komið heim á föstudegi.

Sú nýbreytni varð á að Grunnskólinn austan Vatna og Varmahlíðarskóli sameinuðust í rútufélag og deildu ábyrgð á hópnum sem einni heild. Það fyrirkomulag þótti takast mjög vel. Fyrir hópnum austan Vatna var Ragnheiður Halldórsdóttir - röggsöm kona og stjórnsöm í betra lagi; hinn besti ferðafélagi.

Nemendum var skipt í hópa og unnu þeir að ýmsum verkefnum sem höfðu þau markmið að efla sjálfstraust og einnig var unnið mikið með hópefli. Hópavinna fór bæði fram inni og úti, farið var í ýmsa leiki, gönguferðir og útileiki.

Reglur á Laugarvatni eru í senn margar og strangar. Til að mynda var harðbannað að vera með síma eða sætindi og refsistig gefin ef slíkt var gert upptækt.

Nemendur voru nokkur saman á herbergi og þeir sem áttu snyrtilegustu herbergin fengu viðurkenningu fyrir, að sama skapi var hægt að fá refsistig ef reglum var ekki fylgt eftir eða umgengni ábótavant. Nemendur og starfsfólk hjálpuðust að við skömmtun á mat og einnig við frágang. Starfsfólk skiptist á að taka kvöld – og næturvaktir.

Skólinn tekur þátt í kostnaði fyrir dvölinni, einnig greiða foreldrar fyrir fæði.

Nemendur voru allir sammála um að dvölin hefði verið vel heppnuð.

Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

### Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

## Vorsamantekt Varmahlíðarskóla 2023

Litla upplestrarkeppnin er að verða fastur liður í skólastarfi yngsta stigs og er það vel. Gildi slíkrar "keppni" er að nemendur þjálfast í vönduðum upplestri og "keppa" við sjálfa sig um að verða betri lesarar í dag en í gær.

Við hófum vegferðina í byrjun apríl - þegar nemendum var úthlutaður texti til æfinga. Reynt var að æfa a.m.k. einu sinni á dag - og ríkuleg áhersla lögð á að nemendur læsu upphátt heima a.m.k. þrisvar sinnum á dag.

Hátíðin sjálf fór fram í setustofu skólans og var foreldrum 4.bekkinga boðið að koma, auk nemenda í þriðja bekk. Nemendur 4.bekkjjar sáum um að útbúa veitingar í samstarfi við heimilisfræðikennarann Sigfríði.

Gerður var góður rómur að upplestrinum og var börnunum klappað lof í lófa í lokin. Það voru stoltir nemendur sem gengu af sviði þennan dag, stoltur kennari af hópnum sínum og foreldrar mjög hrifnir að því að fá að koma á viðburðinn og njóta með okkur.

Í upphafi hátíðarinnar fengum við eitt tónlistaratriði, sem nemandi úr 4. bekk sá um með aðstoð Helgu Rósar Indriðadóttur tónlistarkennara. Um miðjan upplestur var svo annað tónlistaratriði frá nemanda í 4.bekki, einnig með aðstoð HRI.

Að upplestrinum loknum buðu nemendur gestum upp á kaffi, safe og kökur sem þeir höfðu sjálfir bakað, eins og áður kom fram.

Það er mat umsjónarkennara að vel hafi tekist til og ekkert nema ánægja fylgt þessu verkefni. Það er því einboðið að Litla upplestrarkeppnin verði árlegur þáttur í skólastarfinu framvegis.

Til áréttingar mætti nefna að hamra skal járníð meðan heitt er.

**Nauðsynlegt framhald** af svona vinnu er að viðhalda þeirri tækni og þeim vinnubrögðum sem nemendur tileinka, sér áfram á miðstigi - sem er svo grunnur að þeirri vinnu sem unnin er með 7.bekki í sambandi við Stóru upplestrarkeppnina.

Ólafur A. Sindrason

## Myndlistarsýning vorið 2023

Þann 27. apríl kl. 14:30 var opnuð myndlistarsýning Varmahlíðarskóla í menningarhúsinu Miðgarði. Tilurð sýningarinnar er sú að ég hafði skráð mig í í sjálfstætt verkefni upp á 10 einingar í meistaranámi mínu í kennslu list- og verkgreina við Háskóla Íslands. Að setja upp myndlistarsýningu á verkum nemenda er krefjandi en skemmtileg áskorun. H

Eftir samtal mitt við leiðbeinanda minn lét ég verða mitt fyrsta verk að hafa samband við umsjónarmann Sæluviku, síðan húsvörð Menningarhússins Miðgarðs. Báðir aðilar gáfu



## Vorsamantekt Varmahlíðarskóla 2023

grænt ljós á sýningu í menningarhúsinu. Menningarhúsið Miðgarður stendur sunnan við Varmahlíðarskóla í Varmahlíð og er í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar. Í húsinu er fjölbreytt starfsemi, t.a.m. ráðstefnur, kóræfingar, leiksýningar, tónleikar, dansleikir og veislur. (Menningarhúsið Miðgarður, e.d.) Á Sæluviku eru oftast en ekki margir viðburðir af ýmsum toga í Miðgarði og því hægt að gera sér vonir um marga gesti á sýninguna.

Þegar staður og stund höfðu verið ákveðin var komið að því að velta fyrir sér viðfangsefni eða þema sýningarinnar. Skólaárið var þó ríflega hálfnað og því varð ég að móta þema sýningarinnar með tilliti til þess. Að venju er kennsluskipulag mitt í nokkuð föstum skorðum frá upphafi skólaárs. Þó finnst mér alltaf gott að hafa kennsluáætlanirnar opnar og sveigjanlegar, sérstaklega þar sem alltaf er von á samstarfsverkefnum með öðrum kennurum t.d. tengdum byrjendalæsi og ýmsum þemaverkefnum. Dæmi um slíkt verkefni er [Glóðey](#), samþætting nokkurra námsgreina hjá 5. og 6. bekk þar sem markmiðið var stofnun nýs lands og samfélags. Í vetur kenndi ég öllum námshópum frá 1. - 7. bekk í fyrsta skipti í nokkur ár. Síðustu 10 árin hef ég einungis verið með miðstigið eða 5. - 7. bekk og því var það mér mikið gleðiefni að fá yngsta stigið aftur, því mér finnst nauðsynlegt að fá að ala þau upp þegar kemur að aðferðum og viðhorfum í myndmennt.

Í upphafi vetrar hafði ég sett mér tvö markmið í myndmenntakennslu. Ég minntist áður á vaxandi áherslur hjá mér á tilraunir og mistök, ferlið, umræður og ígrundun - þeim þyrfti ég að halda stöðugt á lofti. Hitt markmiðið var að gefa öllum hópunum tíma í liti og litablöndun, þannig að nemendur fengju tækifæri til að þróa með sér tilfinningu fyrir, og færni til að blanda grunnliti ásamt hvítum. Svartur fékk að hvíla sig í vetur þar sem hann er getur orðið til vandræða. Áhrifa seinna markmiðsins gætir á myndlistarsýningunni. Með þessa þætti í huga varð ég að hugsa stefnuna með sýningunni, þ.e. hálfnaðan vetur, tiltölulega nýja námshópa að hluta til og markmið sem þegar voru til staðar. Því get ég ekki sagt að ég hafi farið af stað með eitt ákveðið þema fyrir sýninguna, en ég var þó með grófa hugmynd um hvað ég vildi hafa á henni. Ég vildi hafa liti, eitthvað af óhlutbundnum verkum og sýnishornum af teikniæfingum og ég vildi hafa nemendur með í ráðum við val á verkum.

### Undirbúningur og framkvæmd

Um leið og ákvörðunin um myndlistarsýningu var tekin upplýsti ég alla nemendahópa, bæði þá sem voru með myndmennt í stundaskrá sem og unglíngabekkina sem enga myndlistakennslu fá í vetur. Í grófum dráttum útskýrði ég fyrir nemendum í 1. - 7. bekk aðkomu þeirra að sýningunni en óskaði einnig eftir hugmyndum þeirra. Nemendur í 8. til 10. bekk hvatti ég til að leggja til verk ef einhverjir ættu slík heima, þeir hefðu líka tíma fram að sýningu til að vinna að verkum. Af 31 nemanda í unglíngadeild svaraði einn nemandi úr 10. bekk kalli. Eftir á að hyggja hefði ég átt að ganga á eftir nokkrum einstaklingum sem ég veit

## Vorsamantekt Varmahlíðarskóla 2023

að sinna listum í frítíma sínum, en það er þá eitthvað sem ég get hugað að á næsta skólaári ef mér ber gæfa til að gera sýningarhald að föstum lið í starfi mínu sem myndmenntakennari.

Hóparnir voru í öllum tilfellum mjög jákvæðir og ekki laust við að vinnuframlag hjá sumum nemendum yrði markvissara við það að hafa sýninguna að markmiði. Umræður áttu sér stað með hverjum hóp um hvaða verk ættu að fara á sýninguna. Í sumum tilfellum beitti ég alræði, t.d. fannst mér ekki annað í stöðunni en að lokaverkefni 7. bekkinga í myndmennt, dúkrstur, fengi sinn sess. 7. bekkungum bauðst svo að leggja til fleiri myndir frá vetrinum, sem nokkrir þáðu. Í öðrum tilfellum komumst við - ég og hópurinn - að sameiginlegri niðurstöðu um hvað ætti heima á sýningunni.

EKKI fannst mér ásættanlegt að einungis einn nemandi á unglingastigi ætti verk á sýningunni. Fljótlega í ferlinu ákvað ég að hvetja 8. - 10. bekkinga til þess að leggja til ljósmyndir því hver einasti unglingur ætti jú ljómandi góða myndavél í símanum sínum. Úr varð ljósmyndakeppni sem blásið var til þremur vikum fyrir sýningu. Fram að þeim tíma hafði ég rætt við leiðbeinanda minn í HÍ til að fá hugmyndina samþykkt, heyrt í öllum elstu bekkungunum og náð tali af nokkrum ljósmyndurum í héraði. Lendingin varð sú að þema keppinnar yrði árstíðin vor, af þeirri ástæðu að líklegra mundu nemendur frekar fara út og taka myndir í rauntíma heldur en að leita í símunum að eldri myndum sem gætu hentað í keppnina. Verðlaun yrðu veitt fyrir þrjár bestu myndirnar og hvað væri betra en uppstækkaðar framkallanir sigurmyndanna á striga? Til að halda kostnaði í lágmarki hafði ég samband við fyrirtækið Fisk Seafood á Sauðárkróki því ég hafði heyrt því fleygt að framkvæmdastjóri fyrirtækisins væri einstaklega viljugur að styrkja góð málefni. Ég hafði varla sent tölvupóstinn á Fisk Seafood þegar svar barst um hæl: „Takk fyrir, við erum með. Klárur vinningssetin. Láttu senda reikninginn til okkar“. Þá var aðeins eftir að ráða dómara en þeir urðu tveir: Gunnhildur Gísladóttir ljósmyndari og Óli Arnar Brynjarsson blaðamaður og ljósmyndari. Þau fengu allar innsendar myndir nemenda í [Google Photos albúmi](#). Kann ég þeim miklar þakkir fyrir hversu alvarlega þau tóku hlutverki sínu. Þau höfðu fyrir því að hittast í raunheimum, rýna í hverja einustu mynd og eftir miklar vangaveltur röðuðu þau svo í átta efstu sætin. Þær myndir ásamt umfjöllun Óla Arnars um sýninguna er að finna á [héraðsfréttamiðlinum Feyki](#).

## Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2022-2023 var námsráðgjafi í 50% starfi við Varmahlíðarskóla. Helstu verkefni hans voru einstaklingsviðtöl við nemendur og fræðsla í bekkjum um nám og störf, námstækni og framhaldsskólakerfið. Einnig má nefna þátttöku í bekkjarfundum og vinnu með samskipti og hópefli í nokkrum bekkjum. Námsráðgjafi sinnti ráðgjöf við kennara og sat teymisfundi þar sem við átti, auk þess sem hann sat nemendaverndarráðsfundi.

## Vorsamantekt Varmahlíðarskóla 2023

Nemendur 10. bekkjar fóru í heimsókn í FNV ásamt öðrum 10. bekkjum í Skagafirði, skoðuðu skólann, heimavistina, borðuðu mat í mótuneytinu og enduðu á því að fara á stórskemmtilega leiksýningu nemendafélagsins. Kynningarfundur var haldinn í samstarfi við FNV þar sem nemendur 10. bekkjar fengu kynningu á FNV. Fulltrúar FNV kynntu námsframboð og félagslíf skólans. Þá fóru nemendur í 10. bekk í starfskynningar í vetur en þá gátu nemendur kynnt sér tvö fyrirtæki eða starfsgreinar. Tókust þær kynningar afar vel og voru nemendur mjög ánægðir með þessa daga.

*Helga Rós Sigfúsdóttir*

## Nýsköpunarkeppni grunnskóla

Tilgangur keppinnar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig megi þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir. Í vetur tókum við enn og aftur þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Verkefnið var kynnt nemendum í 5., 6. og 7. bekk. Nemendur höfðu frjálst val um hvort þeir tóku þátt eða ekki, en allflestir gerðu það, ýmist sem einstaklingar eða í þörum. Þá fengu nemendur tíma með kennara í kennslustundum í náttúrufræði til að vinna að hugmyndum. Ef hugmyndin var ekki fullunnin að þeim tíma liðnum, fóru nemendur með verkefnið heim og kláruðu þar. Héðan úr skólanum fóru rétt um 30-40 hugmyndir frá þessum þremur bekkjum.

Hugmynd þeirra Ólafar Helgu Ólafsdóttur og Tinnu Bjargar Brynjarsdóttur - Fyrsta foreldrið, sem er forrit sem hjálpar nýbökuðum foreldrum með allskonar barnamál, var valið sem eitt af 25 bestu hugmyndunum. Því miður var engin vinnustofa í ár en stelpurnar fengu sent viðurkenningarskjál fyrir að eiga eina af 25 bestu hugmyndunum.

*Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir*

Skólaferðalag 1. - 4. bekkjar  
Miðvikudaginn 24. maí 2023

Að þessu sinni lá leið okkar út á Sauðárkrók. Farið var frá Varmahlíðarskóla að loknum morgunverði. Við vorum mætt á safnið 1238 rétt fyrir klukkan 9. Þar var nemendum skipt í tvennt. Annar hópurinn byrjaði á því að fara í sýndarveruleikann á meðan hinn hópurinn fór í að máta búninga, skoða safnið og nýta ýmsa afþreyingu sem er til boða í Gránu, s.s. að lita, perla og tefla. Eftir ca klukkustund skiptu hóparnir um stað. Var þetta mikil og góð skemmtun og höfðu flestir mjög gaman að.

Eftir safnaferðina lá leið okkar á Kaffi Krók þar sem við fengum pizzuhlaðborð. Að þessu sinni þurftu nemendur að greiða 2500 krónur fyrir pizzuhlaðborð og ís. Frá Kaffi Krók lá leiðin í Hús frítímans þar sem krakkarnir fengu að leika frjálst. Var ýmislegt í boði þar.

Klifurveggurinn vakti mikla lukku, einnig var farið í pílu, borðtennis, púslað og teknir nokkrir just dance leikir svo eitthvað sé nefnt. Síðasti viðkomustaður á Sauðárkróki var svo Bláfell, en þar fengu allir ís áður en haldið var heim í Varmahlíð á ný. Við vorum komin í skólann um kl. 14 og vorum í leikjum í setustofunni síðasta klukkutímann þangað til skóladeginum lauk.

## Vorsamantekt Varmahlíðarskóla 2023

Þessi ferð varð aðeins öðruvísi en til stóð. Við ætluðum að fara í fjöruna, á leiksvæðið við Árskóla og í nestisferð upp í Litla Skóg ásamt safnaheimsókninni í 1238, en vegna veðurs urðum við að breyta dagskránni og færa hana meira inn í hús.

Þetta varð engu að síður hið besta ferðalag og voru flestir sáttir og sælir að því loknu.

*Birgitta Sveinsdóttir, Sara Gísladóttir, Sif Káradóttir og Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir*



## Skólahreysti 2022-2023

Í vetur var kennd Skólahreysti í val tímum eins og fyrri ár, mjög góð þátttaka er í valinu og mikill áhugi hjá nemendum að spreyta sig í ýmsum þrautum en auk skólahreystiþrautanna eru æfðar ýmsar þol- og styrktaræfingar. Liðið til að keppa fyrir hönd Varmahlíðarskóla árið 2023 var svo valið með ýmsum tímatökum og útreikningum en það fór svo að Daníel Smári Sveinsson og Arndís Katla Óskarsdóttir urðu hlutskörpust í hraðabrautinni og er Arndís að keppa í hraðaðrautinni þriðja árið í röð. Kolbeinn Maron Bjarnason og Heiðrún Erla Stefánsdóttir voru fulltrúar okkar í hreystiþrautum í ár. Bríet Bergdís Stefánsdóttir og Eiríkur Jón Eiríksson fóru sem varamenn. Lagt var af stað í undankeppnina á Akureyri þann 26. apríl og fóru nemendur 8.-10 bekk með sem stuðningslið og voru grænklaedd líkt og fyrri ár. Liðinu gekk mjög vel í undankeppninni sem sýnd var í beinni útsendingu og þegar úrslit voru kveðin upp þá voru við í 2. sæti en þegar farið var aftur yfir refsistiginn í hraðaðrautinni þá komu í ljós mistök hjá dómara og höfnuðum við þá í 1. sæti sem var tilkynnt eftir að útsendingu lauk. Þetta var mikill rússíbani og mikið spennufall og gleði þegar komið var ljós að við hefðum komist áfram í úrslitakeppnina 7. árið í röð og allur hópurinn skelltí sér út að borða á Vélsmiðjunni í Pizzahlaðborð. Haldið var áfram að æfa og styrkja sig og lagt af stað í úrslitakeppnina suður í Laugardalshöllina 20. maí, aftur voru stuðningsmenn úr 8.-10. bekk með í ferðinni og var farið í keilu og pizzuveislu fyrir átökin sem hófust í beinni útsendingu kl. 19:45. Skemmst er frá því að segja að liðið okkar stóð sig með stakri þryði og endaði í 5. sæti eftir jafna og skemmtilega keppni en það er næst besti árangur Varmahlíðarskóla til þessa. Skólahreystiveturinn hefur verið afar skemmtilegur og nemendur samviskusamir að



## Vorsamantekt Varmahlíðarskóla 2023

leggja sig alla fram með gleðina að vopni og Geirmundur Valtýsson hljómar reglulega undir á æfingum.

Sigurlína Einarsdóttir



## Upplestrarhátíð 7. bekkjar 2023

Upplestrarhátíð 7. bekkjar var haldin mánudaginn 6. mars 2023.

Þrettán nemendur tóku þátt og lásu ljóð og sögubrot.

Þeir sem valdir voru til að taka þátt í Stóru upplestrarhátíðinni voru

Haraldur Hjalti L. Bjarnason, Ólöf Helga Ólafsdóttir og Sigurbjörg Svandís Guttormsdóttir til vara. Dómarar voru Agnar Gunnarsson, Sara Regína Valdimarsdóttir og Ragnheiður Sövik.

Kynnar voru nemendur úr 8. bekk þau Arnar Logi Róbertsson og Iðunn Kolka Gísladóttir.

Tónlistaratriði voru tvö, flutt af Kolbrá Sigrúnu Sigurðardóttur og Lilju Stefánsdóttur.

Boðið var upp á pizzusnúða, muffins, svala og kaffi en nemendur 7. bekkjar bökuðu fyrir hátíðina með aðstoð Sigfríðar heimilisfræðikennara.

Stóra upplestrarhátíðin var haldin þriðjudaginn 14. mars og stóðu nemendur frá Varmahlíðarskóla sig með miklum sóma.

Helga Sigurðardóttir

## Vinaliðaverkefnið

Þetta skólaár hefur Varmahlíðarskóli, eins og aðrir skólar í Skagafirði, verið þátttakandi í verkefninu Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu eins og við höfum kosið að kalla það. María Anna Kemp Guðmundsdóttir hefur haldið utan um verkefnið í vetur en verkefnastjórar hér hafa verið undirritaðir.

Verkefnið gengur út á að nemendur í 4. - 10. bekk skipuleggja og stjórna leikjum í frímínútum. Þeir nemendur sem stjórna leikjunum nefnast vinaliðar. Þeir eru valdir af bekkjarfélögum sínum og starfa einu sinni í viku, hálf t skólaár í senn. Vinaliðar fá sérstaka þjálfun fyrir sín störf m.a. leikjanámskeið, yngri vinaliða fengu að fara á námskeið í haust. Einnig fengu allir umbun í formi fríðindakorts og lokahófs. Vorum við með 8 vinaliða eða tvo úr hverjum árgangi í 4. – 7. bekk, þessi skipti voru sama krakkar allt árið.

Í vetur var verkefnið einnig á unglingastigi en þar þurfa nemendur að bjóða sig fram og valið er úr hópi þeirra sem það gera. Þess má geta að vinaliðar nýttu salinn í íþróttahúsinu.

Aðalmarkmiðið með verkefninu er að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútunum og skapa um leið betri skólaanda. Einnig að bjóða nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í morgunfrímínútum þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Þann 15.maí var þakkardagur fyrir vinaliða, farið var í gönguferð í Olís, borða hamborgarar og ís. Síðan var farið í setustofu í mismunandi leikir fram að skólalok. Reynsla okkar í vetur sýnir að störf Vinaliða ýta undir fjölbreyttari leiki, betri samskipti nemenda og vinskap þvert á aldur. Gaman hefur verið að sjá hvernig nemendur skemmta sér í leik hvort sem um er að ræða gamla og góða leiki eða nýja. Börn á unglingastigi voru frekar áhuga lítil í vetur auk þess voru börn í 1. og 2. bekk frekar léleg að mæta í vinaliðaleiki.

*Rikke Busk og Sif Kerger*



## Vorferð 5 og 6. bekkjar 22. og 23. maí

Í þetta skiptið var ákveðið að tveir árgangar færu saman í hjólaferð í Heiðarland, gangnamannakofa Blöndhlíðinga en hann er staðsettur við rætur Öxnadalshéiðar að vestan. Farið var á mánudegi eftir hádegisverð. Rútan var mætt í skólann klukkan 12:00. Lagt var af stað klukkan 12:30 frá Varmahlíðarskóla og ekið sem leið lá að Skeljungshöfða sem er rétt við afleggjarann á Kjálka. Nemendur ásamt nokkrum hjólum fóru með rútu en bíll með kerru flutti flest hjólin og var hann með í för alla leið í



skálann. Við Skeljungshöfðann stukku allir á bak hjólhestum sínum og var hjólað eftir gamla þjóðveginum með stoppi við Kotagil. Þar fengu allir sér næringu, samlokur, kex og safa. Næst var áætlað að ganga inn Kotagilið og upp að fossinum en það reyndist ekki hægt vegna ófærðar.



Þegar þessu var lokið var stökkið á hjólhestana og stefna sett á Heiðarlandsskála. Þegar þangað var komið var svefnloftið kannað og svo farið út í leiki, aðallega og svo stökkið niður í á

til að vaða. Um kvöldið var gripið í margskonar spil auk þess að ærslast á svefnloftinu. Nú nálgast svefntíminn og gekk allavega að koma nemendum í ró þar sem nokkrir voru með svolitla heimþrá. (Tveir nemendur voru sóttir, treystu sér ekki til að gista). Nemendur fengu að hafa síma með sér til að hlusta fyrir háttinn og einnig að taka myndir, spurning að geyma símana yfir nóttina fyrir nemendur svo þau séu ekki að hringja heim um miðja nótt. (Það gerðist hjá okkur að nemendur hringdu heim án leyfis).



Nemendur voru flestir vaknaðir fyrir kl: 7:00 og fóru að tínast niður á milli átta og hálf níu í morgunverð. Áætlað hafði verið að leggja af stað frá skálanum klukkan 10:30 en þar sem veðurspá var mjög slæm með gulum viðvörðunum vegna roks, þá var lagt af stað klukkutíma fyrr.

Þegar komið var í Varmahlíðarskóla um klukkan 11:30 þá fórum við í hádegismat og enduðum svo í fatasundi.

Í þessari ferð fengum við að kynnst íslenskri veðráttu í allri sinni mynd. Við lentum í roki, hávaðaroki, meðvind og mótvind, súld, úrfelli, hríð, slyddu, hagléljum, sól og síðast en ekki síst blanka logni.

*Sigrún Ben, Sigfríður og Sif Kára*

## Vorferð 7. - 9. bekkjar 25. maí 2023

Nemendur byrjuðu í kennslutíma hjá umsjónarkennara og fengu morgunmat á venjulegum tíma. Lagt var af stað kl. 9:10 frá Varmahlíð.

Þegar komið var til Skagastrandar var byrjað á því að skoða Vörusmiðju Biopol þar sem Þórhildur María Jónsdóttir tók á móti hópnum og kynnti fyrir honum starfseminu sem fer fram þar (klukkutími)

Síðan lá leiðin í Spákonuhof þar nemendur fengu um klukkustundar fyrirlestur um Þórdísi spákonu sem var uppi á síðari hluta 10. aldar.

Að lokum var komið við í sjoppu og farið á pizzahlaðborð á veitingastaðnum Harbour og endað á sundferð á Blönduósi.

Nemendur skemmtu sér ágætlega og stóðu sig með sóma.

Heimkoma um 15:40 (vorum aðeins of sein)

Æskilegt hefði verið að leggja strax af stað um morguninn og gefa nemendum meiri tíma í sundi, eins að kanna hvort hægt sé að skoða eitthvað annað en Biopol.

Helga Sig., Íris Olga og Unnur Erla

## Árshátíð 1.- 4. bekk 23. mars 2023

Fimmtudaginn 23. mars var árshátíð yngsta stigs haldin í Miðgarði kl. 14. Nú í ár eins og síðastliðin ár var árshátíðardagurinn sameiginlegur með miðstigs-nemendum.

Nemendur á yngsta stigi settu upp leikritið Bakkabræður í leikstjórn Söru Gísladóttur með aðstoð umsjónarkennarar á yngsta stigi. Handritið var tekið af síðunni leikritasmiðjan sem er leikritavefur á vegum Menntamálastofnunar. Þórunn Pálsdóttir er höfundur handrits.

Leiklistarkennsla hefur verið nokkrum sinnum í viku hjá nemendum í allan vetur og voru þeir tímar nýttir í æfingar fyrir árshátíð. Nemendur fengu handrit í hendurnar í byrjun febrúar og hófust æfingar þá einnig. Þremur dögum fyrir árshátíð var svo byrjað að æfa í Miðgarði.

Sýningin var kl.14 og var byrjað á leikriti yngsta stigs. Eitt hlé var þar sem fólk gat fengið sér kaffi, kleinur og sjoppa var opin þar sem nemendur í 10. bekk seldu ýmsar vörur.

*Birgitta Sveinsdóttir  
Ólafur Atli Sindrason  
Sara Gísladóttir  
Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir  
Þyrey Hlífarsdóttir*

